

Alþingi
Erindi nr. P 136/747
komudagur 15.1.2009



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. jan. 2009

Efni: Þskj. 243 – 196. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

Ofangreint frumvarp er nú til umsagnar skv. upplýsingum á Alþingisvefnum til 12. Janúar 2009.

Flutningasvið Samtaka verslunar og þjónustu heldur utan um hagsmuni flutningsfyrirtækja – kaupskipaútgerðar, flugfraktar og landflutninga. Lagabreytingatillögurnar sem hér eru til umfjöllunar snerta mest, eins og fram kemur í almennum athugasemdum, flugvernd og gjaldtöku vegna flugverndar. Flugvernd er eitt þeirra öryggiskerfa sem gagnrýnislítið hefur verið komið á í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 og snertir mjög alla aðila í fraktstarfsemi og hefur þegar haft mjög mikinn aukakostnað í för með sér fyrir þessa aðila og þar með á neytendur. Það er brýnt að minna löggjafann á mikilvægi þess að slík kerfi séu eins einföld og kostur er og jafnframt að tryggt sé að kostnaði við þau sé haldið í algjöru lágmarki.

Á grundvelli núverandi lagaákvæða um flugvernd er aðilum í sölu á frakt mismunað með útfærslu og framkvæmd Flugmálastjórnar Íslands. Lög og reglur um framkvæmd flugverndar þarf að endurskoða með einföldun og skilvirkni að leiðarljósi. Frumvarpið sem hér er til umsagnar þarf að tryggja aðkomu hagsmunaaðila við þá endurskoðun. Í almennum athugasemdum um 9. og 10. gr. er boðuð innleiðing nýrra reglugerða Evrópusambandsins um flugvernd og er hér gerð tillaga um að við þá endurskoðun tryggi löggjafinn aðkomu hagsmunaaðila við þá innleiðingu. Það er margt athugavert við innleiðingu flugverndar eins og hún var og er í framkvæmd og það er mjög brýnt að verði leiðrétt nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 10. gr.

Ákvæði a-liðar 10. gr. kveður á um að Flugmálastjórn Íslands skuli gera flugverndaráætlun og viðhalda henni fyrir Ísland en jafnframt á sama stofnun að hafa eftirlit með að rekstraraðilar ræki skyldur sínar um sama efni. Þá á Flugmálastjórn að gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Er gerð tillaga um að þessu ákvæði verði breytt í þá veru að öðrum aðila en Flugmálastjórn Íslands - verði falin umsjón með gerð flugverndaráætlunar og að við gerð hennar sé tryggt samstarf við hagsmunaaðila. Með hagsmunaaðilum er hér átt við fulltrúa flugfélaga í flugfraktstarfsemi og fulltrúa flutningsmiðlana – en innan þessara fyrirtækja eru sérfræðingar í þeim verkferlum

sem um ræðir. Flugvernd er öryggiskerfi þar sem raunverulegt öryggi snýst fyrst og fremst um verkferla. Án aðkomu sérfræðinga á viðkomandi verkferlum er hætt við að slík kerfi fari að snúast um skriffinnsku í stað öryggis og það er mikilvægt að koma í veg fyrir það. Flugmálastjórn Íslands hefði eftir sem áður eftirlit með að rekstraraðilar ræki skyldur sínar á þessu sviði. Með þessari breytingu væru valdmörk aðgreind, en það er mikilvægt að þess sé ávallt gætt við lagasetningu.

Skv. 3 mgr. d-liðar 10. gr. er Flugmálastjórn Íslands gert að setja reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda. Skv. 2. mgr. sama liðar er ráðherra heimilt að birta aðeins að hluta eða öllu leyti efni reglugerðar skv. h-lið 1. mgr. sem fjallar m.a. um framkvæmd flugverndar. Með þessum lið, d-lið 10. gr., er ríkisvaldinu fært algjört vald til að haga framkvæmd flugverndar og eftirliti með flugvernd eftir eigin höfði. Það skapar hættu á meiri skriffinnsku en þörf er á og mikilvægt að kerfinu sé ekki algjörlega lokað með þessum hætti. Hagsmunaaðilar sem gjörþekkja þetta umhverfi og hvernig það virkar verða að fá aðgang að því hvernig þetta kerfi er í framkvæmd. Það þarf að tryggja að þeir sem best til þekkja hvernig flutningskeðjan virkar séu hafðir með í ráðum bæði við gerð flugverndaráætlunar og við framkvæmd flugverndar. Því er í samræmi við breytingatillögu við a-lið hér að ofan gerð tillaga um að annar aðili en Flugmálastjórn Íslands hafi yfirumsjón með flugverndaráætlun og að við þá áætlun sé tryggð aðkoma hagsmunaaðila.

Ákvæði e-liðar 10. gr. fjallar um þagnarskyldu vegna flugverndar. Þagnarskyldan á m.a. við upplýsingar er varða framkvæmd flugverndar. Hér er gerð tillaga um að ákvæðinu verði breytt þannig að þagnarskyldan verði skilgreind þröngt og talin upp þau atriði sem hún á að eiga við um. Það er engin ástæða til að þagnarskylda hvað varðar flugvernd sé skilgreind vítt og smiðshöggið þar með rekið á lokun kerfisins.

Ákvæði f- liðar 10. greinar gera það enn augljósara hversu mikilvægt það er að þagnarskyldan sé skilgreind þröngt í e-lið svo ekki fari á milli mála hvaða brot teljist refsiverð.

Um 12. gr.

Það er ástæða til að fagna mjög 12. gr. frumvarpsins sem lögfestir samráð við hagsmunaaðila og beinlínis gerir ráð fyrir samráði með a.m.k. fjögurra mánaða fyrirvara í aðdraganda gjaldskrárbreytinga. Þá er sérstaklega tiltekið í athugasemdum áhersla á skýran grundvöll gjaldtöku vegna flugverndar og gagnsæi gjaldtökunnar sem er mjög mikilvægt.

Það verður vart ítrekað nægilega hversu mikilvægt það er að ígrunda vel þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um flugvernd. Flugvernd er íþyngjandi og kostnaðarsamt kerfi og skiptir öllu máli að tryggja eins mikla skilvirkni og mögulegt er að ekki sé talað um að kostnaði sé haldið í lágmarki. Er vert að minna á í því sambandi að eitt af meginmarkmiðum Evrópusambandsins til ársins 2012 er að minnka skriffræði innan sambandsins um 25%. Það er mikilvægt að hafa í huga í öllu laga- og reglugerðarumhverfi sem snýr að milliríkjavíðskiptum en flugvernd er eitt þeirra kerfa.

Virðingarfyllst

SVP - Samtök vafslunar og þjónustu

Signý Sigurðardóttir